

Hann: Tutt, tutt segir bíllinn minn.

Hrefna Tynes/Höfundur ókunnur)

Ek ég inn i bílskúrinn.

Fingri styð á flautuna

og fætinum á bremsuna.

Hún: Mér er sama því ég á

yndið mitt með augun blá,

ljósa lokka og rjóða kinn,

legg ég hana í vagninn sinn.

Hann: Þegar ég er orðin stór

ætla ég að gefa þér

Emmess-ís og kalda kók,

ævintýra-og myndabók.

Hún: Heyra þetta hjal í þér,

annað hef ég hugsað mér,

ég vil fljúga um loftin blá,

fagra veröld til að sjá.

Hann: Vertu ekki að ergja mig,

ég vil ekki eiga þig,

farðu í friði fyrir mér,

hvert á land sem þóknast þér.

Hún: Við erum bæði lítil börn,

bráð í skapi og þrætugjörn,

við skulum vera kát og hress,

sjáumst seinna, vertu bless.